



Skipulags- og samgönguráð

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, um Óðinstorg og nágrenni. - Tilvísun í US200032.

Á fundir skipulags- og samgönguráðs 29. janúar 2020 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um Óðinstorg og nágrenni.

Fyrirspurn um Óðinstorg og nágrenni:

1. Hvað var áætlaður kostnaður skv. kostnaðaráætlun 1 við endurgerð Óðinstorgs?
2. Hver var áætlaður kostnaður skv. kostnaðaráætlun 2 við endurgerð Óðinstorgs?
3. Hvenær er áætlað að verklok verði við Óðinstorg en þeim átti að ljúka í september 2019?
4. Upphafleg tillaga sem samþykkt var í borgarráði 21. mars 2019 hljóðaði svo:
"Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við endurgerð Óðinstorgs og Týsgötu að hluta. Framkvæmdir á Óðinstorgi felast í endurnýjun yfirborðs á torgsvæði og hluta götu." Hver tók ákvörðun að taka allt nærsvæði Óðinstorgs inn í verkið m.a. gera upp götur og leggja snjóbræðslukerfi í þær?
5. Hver er áfallinn kostnaður tæmandi talinn við verkið allt miðað við 1. febrúar 2020?
6. Á hvaða fjárheimild voru þær ákvarðanir teknar að taka allt nærsvæðið inn í verkið?
7. Hvað er áfallinn kostnaður tæmandi talinn við Óðinstorgið sjálft?
8. Hvað er áfallinn kostnaður tæmandi talinn við nærumhverfið allt?
9. Hvað er útistandi kostnaður við verkið allt miðað við 1. febrúar 2020?

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

Umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs:

Framkvæmdir við endurnýjun Óðinsgötu á milli Freyjutorgs og Skólavörðustígs, Spítalastígs á milli Týsgötu og Óðinsgötu, Týsgötu milli Skólavörðustígs og Spítalastígs, ásamt endurnýjun Óðinstorgs er í samkvæmt niðurstöðu samkeppni frá 2008 og nýtt deiliskipulag af torginu.

1. Kostnaðaráætlun 1 við ofangreindar framkvæmdir var 300 milljónir.
2. Kostnaðaráætlun 2 við ofangreindar framkvæmdir var 300 milljónir.
3. Hlé var gert á framkvæmdum vegna vetraraðstæðna. Vænta má að frágangi ljúki um einum mánuði eftir að frost fer úr jörðu.
4. Framkvæmdir eru í samræmi við niðurstöðu samkeppni frá 2008 og nýtt deiliskipulag af Óðinstorgi.
5. Áfallinn kostnaður miðað við 1. febrúar 2020 er 331 mkr.
6. Fjárheimild 2019 vegna ofangreindra framkvæmda var 330 mkr.
7. Áfallinn kostnaður við Óðinstorg, Óðinsgötu og Spítalastíg er 161 mkr.
8. Áfallinn kostnaður við Týsgötu er 169 mkr.
9. Á fjárhagsáætlun 2020 er gert ráð fyrir 50 mkr. í verkefnið "Þingholt, torg", Óðinstorg og Káratorg.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

